



Discourse-Oriented Facial Displays in Conversation

Nicole Chovil




Rannsóknin

- ▶ Nicole Chovil framkvæmdi rannsóknina sem hluta af doktorsnámi sínu.
- ▶ Á þeim tíma höfðu rannsóknir aðallega beint sjónum sínum að hlutverki svipbrigða í að lýsa hugarástandi fólks frekar en að skoða hlutverk svipa í tungumálinu



Táknmál


- ▶ Vitað er að svipbrigði skipta máli fyrir merkingu í táknmáli.
- ▶ Svipbrigði marka upphaf samræðna
- ▶ Svipbrigði gefa til kynna hvort setning sé sett fram sem spurning eður ei ásamt tónfalli



Svipbrigði


Rannsókn Nicole Chovil var fyrsta skrefið í hluta af rannsóknum á tungumálinu sem beindist að svipbrigðum sem hluta af tungumálinu en ekki sem hluta af geðbrigðum.

Aðalmarkmiðið var að byrja að afhjúpa þær leiðir sem svipbrigði auka við framleiðslu á skilaboðum í samtali.




Aðferðafræði

- ▶ Þátttakendur voru 28 (14 konur og 14 karlmenn)
- ▶ Þau voru á aldursbilinu 18 til 65 þó svo að flestir hafi verið á þrítugsaldri
- ▶ Fólkinu var skipt í tveggja manna hópa, fjórir kvenkynshópar, fjórir karlahópar og fjórir blandaðir hópar




Umræðuefni

- ▶ Til að fá sem mest af svipbrigðum voru þrjú umtalsefni valin fyrirfram.
- ▶ Þau voru:
 - ▶ 1. Heilsusamlegt mataræði
 - ▶ 2. Rifrildi
 - ▶ 3. Hættulegar kringumstæður sem þátttakendur höfðu lent í eða heyrt um




Aðferðarfræði

- ▶ Rannsókninni var stýrt með því að boða þátttakendur í rannsóknarstofu þar sem samræður þeirra voru teknar upp á myndband
- ▶ Þeim var ekki sagt hvað rannsóknin fjallaði um, heldur var þeim sagt að hún fjallaði um samræður fólks




Ákvörðun um svipbrigði

- ▶ Sú ákvörðun var tekin að svipbrigði teldust öll greinileg svipbrigði eða breytingar á ákveðnum svæðum í andlitinu þ.e. augabrúnir, augu, nef og munnur
- ▶ Þessar hreyfingar földu oftast í sér að augabrúnum var lyft eða ýtt niður, augu opnast eða píð, nef hreyfist, efri vör lyftist, munnvik lyftast upp eða niður. Hreyfingar af völdum kyngingar, andvarps, hláturs eða tals töldust ekki með en hreyfingar eins og að sleikja út um eða að bíta í efri eða neðri vör töldust með sem svipbrigði




Bros

- ▶ Ein mikilvæg ákvörðun var þó tekin í rannsókninni en það varðaði það að útiloka bros, þ.e. bros án annarra svipbrigða.
- ▶ Þetta var gert þar sem bros kom svo oft fyrir í samræðunum, þ.e. margir brostu allan tímann í gegnum samræðurnar þannig að bros hefði verið yfirgnæfandi í niðurstöðunum
- ▶ Bros skiptir þó máli í samræðum og er ekki verið að útiloka þátt bross í samræðum með þessari ákvörðun




Niðurstöður

- ▶ Meðaltími samtala var um 11 mínútur og 25 sekúndur
- ▶ Kvenkyns þátttakendur tjáðu sig örlítið meira en karlkyns þátttakendur
- ▶ Kvenkyns þátttakendur voru með 40% af heildar svipbrigðum



Niðurstöður

- ▶ Þau svipbrigði sem notuð voru í setningafræðilegu samhengi var algengastur
- ▶ Algengustu svipbrigðin tengdust augabránum þ.e. þeim lyft eða toguð niður
- ▶ Önnur svipbrigði fólu í sér augnsvipi eins og að opna augu eða píra þau.
- ▶ Næst algengast var að fólk notaði svipbrigði til að tjá merkingu




Niðurstöður

Distribution of Facial Displays Across the Specific Syntactic Categories

Specific Category	% of Total Syntactic Displays
Grammatical Markers	
Emphasizer	50% (156)
Underliner	18% (57)
Question Marker	14% (45)
Offer	4% (13)
Sentence Change	3% (9)
End of Utterance	2% (5)
Comma	<1% (1)
Organization of Story	
Story Announcement	2% (5)
Story Continuation	6% (18)
End of Story/Topic	1% (3)
Topic Change	<1% (1)
Speech Corrections	
Pronunciation Correction	<1% (1)
Self Correction	<1% (1)


Niðurstöður

- ▶ Merkingarhlutverk svipbrigða
- ▶ Hissa (augu opnast, augabrúnir lyftast og kjálki sígur)
- ▶ Reiði (munnur herptur, augu píró og lækkaðar augabrúnir)
- ▶ Skilningsleysi (lækkaðar augabrúnir)
- ▶ Ofi.




Niðurstöður

- ▶ Næst voru svipbrigði skoðuð þegar þau voru ekki í tengslum við það sem sagt var eins og þegar fólk hugsar til baka eða er að svara mælanda með því að kinka kolli eða játa spurningu án orða




Niðurstöður

- ▶ Næst voru svipbrigði viðmælanda skoðuð.
- ▶ Algengast var að viðmælendur sýndu svipbrigði þegar þeir voru að hlusta á mælanda eða þegar mælandi var að ljúka því sem hann sagði



Lokaniðurstöður

- ▶ Heildarniðurstöður rannsóknarinnar sýndu að þegar svipbrigði er skoðuð út frá tungumálinu þá skipta þau máli fyrir orðræðugreiningu
- ▶ Þó er ekki hægt að greina svipbrigði ein og sér heldur þarf að sjá þau í samhengi við það sem sagt er



Takk fyrir

